

Skilmálar samnings

1. grein

Umsækjandi er réttthafi skv. samningi þessum. Séreignadeild Stapa lífeyrissjóðs er vörsluaðili, skv. samningi þessum. Réttthafi skuldbindur sig til að greiða til vörsluaðila mánaðarlegt innlegg, sem nemur tilgreindri % af heildarfjárhæð greiddra launa, sbr. umsókn réttthafa. Réttthafi felur launagreiðanda sínum að halda umsömdu iðgjaldi eftir af launum sínum og standa vörsluaðila skil á því. Greiðslur skulu hefjast eigi síðar en 2 mánuðum eftir undirritun samnings þessa. Greiðslutímabil hvers innleggs skal eigi vera lengra en 1 mánuður og skal gjalddagi vera 10. dagur næsta mánaðar eftir launamánuð. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga.

2. grein

Færður skal sérreikningur fyrir framlag hvers réttthafa í séreignadeild. Á þennan reikning skulu færðir vextir og verðbætur í samræmi við meðalávöxtun á þeim verðbréfum sjóðsins, sem mynda það safn verðbréfa, sem réttthafinn velur að frádregnum kostnaði.

3. grein

Réttthafi, sem er orðinn fullra 60 ára á rétt á að fá inneign sína greidda út. Verði réttthafi fyrir orkutapi sem metið er 100%, á hann rétt á að fá inneign sína greidda út með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum eða þeim tíma sem vantar uppá að 60 ára aldur. Nú er örorka metinn lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentu og úttektartíminn lengist samsvarandi.

4. grein

Við andlát réttthafa, fellur inneign hans í séreignadeildinni til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

5. grein

Samningur þessi er uppsegjanlegur með 2 mánaða fyrirvara. Hætti réttthafi störfum hjá launagreiðanda þeim sem tilgreindur er á umsókn réttthafa, falla þau ákvæði samningsins um greiðslu iðgjalds sjálfkrafa úr gildi, nema að hann óski sérstaklega eftir því að halda áfram greiðslum. Réttthafi skal tilkynna slík starfslok til vörsluaðila. Uppsögn á samningi veitir ekki rétt til útborgunar á innistæðu eða réttindum. Við uppsögn samnings er heimilt að flytja innistæðu til annars vörsluaðila, sem heimild hefur til að taka við lífeyrissparnaði vegna viðbótartryggingarverndar skv. lögum nr. 129/1997. Réttthafi greiðir engan kostnað vegna flutnings til annars vörsluaðila.

6. grein

Samsetning séreignarsafnanna er breytileg frá einum tíma til annars en hún er alltaf innan þeirrar fjárfestingarstefnu sem er ákveðin árlega af stjórn Stapa. Fjárfestingarstefna séreignarsafnanna er eftirfarandi:

	Safn I	Safn II	Safn III
Innlend skuldabréf	0-100%	0-80%	
Skammtímaabréf / Innlán	0-100%	0-80%	100%
Innlend hlutabréf	0-20%	0-20%	
Erlend verðbréf	0-30%	0-50%	